

inu, að gjörðarbeiðandi lagði umgetnar 500 kr. í aukaútsvar á þennan hluta af afla skipsins.

Rjetturiunn lítur því svo á, að það sje nægilega upplýst í málinu, að framangreind skip gjörðarpola hafi stundað síldarveiði á Siglufirði, síðastliðið sumar, fullar 4 vikur og að hjer sje því um síldarveiði að ræða er gjörðarbeiðandi hafi haft heimild til að jafna á aukaútsvari sbr. l. nr. 58, 28. nóv. 1919, 19. gr. 3ju málsgrein. Verður útsvarsálagning sú er hjer hefir átt sjer stað að teljast lögleg og útsvarið að taka lögtaki.

---

Miðvikudaginn 29. apríl 1925.

Nr. 37/1925. **Sigurður Þorvarðsson** (B. P. Kalman)  
 gegn

**Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps**

(Jón Ásbjörnsson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fúgetarjettar Ísafjarðar 31. mars f. á. Umbeðið lögtak á fram að fara.

### **Dómur hæstarjettar.**

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar með stefnu útg. 26. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. s. d.

Það er upplýst í málinu, að áfrýjandi hefir nokkur ár átt á Langeyri í Súðavíkurhreppi hús ásamt lóð, fiskverkunarreitum, og tveimur bryggjum, að sum skipa þeirra, er hann hefir látið stunda þaðan fiskveiðar, eru skrásett að eiga heima þar, og að áfrýjandi hefir rekið þar árið 1923 fiskveiðar, fiskverkun, síldarbræðslu og lifrarbræðslu og verslun. Áfrýjandi hefir því haft, árið sem útsvar það, er í þessu máli greinir, var á hann lagt, heimilisfasta atvinnustofn-

un á Langeyri og var því heimilt að leggja á atvinnurekstur hans þar aukaútsvar til Súðavíkurhrepps árið 1923 samkvæmt 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922.

Aðrar mótbáruð áfrýjanda, þær er taldar eru í hinum áfrýjaða fólgetaúrskurði gegn útsvarsálagningunni, varða útsvarsupphæðina, og koma því ekki til álita í þessu máli.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir þessum málalokum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og er hann ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, Sigurður Þorvarðsson, greiði stefndu, hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, 200 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Haustið 1923 jafnaði hreppsnefnd Súðavíkurhrepps 5000 kr. aukaútsvari á Sigurð Þorvarðsson kaupmann í Hnífsdal, á útgerð hans og atvinnurekstur á Langeyri í Álftafirði í Súðavíkurhreppi fyrir fardagaárið 1923—24. En þaræð gjörðarþoli neitaði gagnert að hann væri útsvarsskyldur í Súðavíkurhreppi hefir gjörðarþeiddandi krafist lögtaks á útsvarinu.

Gjörðarþoli er kaupmaður og útgerðarmaður og á lögheimili í Hnífsdal í Eyrarhreppi. En veturinn 1915—16 keypti hann helming íbúðarhúss og lóðar, er fyrverandi hvalveiðastöð hafði átt á Langeyri og árið eftir keypti hann hinn hluta eignarinnar. Síðan hefir gjörðarþoli haft þar útgerð að meira eða minna leyti og greitt árlega útsvar til Súðavíkurhrepps þar til síðastliðið haust að hann neitaði að vera þar útsvarsskyldur eins og fyr segir.

Neitun sína byggir gjörðarþoli á því, að hann sem er búsettur í Eyrarhreppi og greiði þar aukaútsvar sje undanþeginn út-

svari í Súðavíkurreppi samkvæmt lögum nr. 29, 1922, 1. gr., 5. málgr., er banni að leggja aukaútsvar á útvegsmenn í öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra. En um það er enginn ágreiningur í málinu að gjörðarþoli greiði aukaútsvar í Eyrarhreppi.

Í síðara varnarskjali sínu hjer fyrir rjettinum hefir gjörðarþoli haldið því fram að hann sje einungis meðeigandi vjelarbáta þeirra, sem riðnir eru við útgerðina og hefði þar af leiðandi átt að jafna útsvariuu á bátana. En þareð gjörðarþoli hefir engum mótmælum hreyft út af þessu, hvorki í brjefi því er hann ritaði gjörðarbeiðanda 9. nóv. f. á. þar sem hann mótmælir útsvarsskyldu sinni, nje heldur í fyrsta varnarskjali sínu hjer fyrir rjettinum verður þessi mótbára eigi til greina tekin, enda hefir því verið eindregið mótmælt af gjörðarbeiðanda að aðrir en gjörðarþoli einn sje eigandi útgerðarinnar eða eigi að teljast fyrir henni fremur nú en að undanförna.

Þá hefir gjörðarþoli einnig í síðara varnarskjali sínu hjer fyrir rjettinum haldið því fram að útsvarsálagningin í heild sinni sje ólögmat þareð niðurföfninn hafi farið fram án þess að fyrir hendi væri lögformleg áætlun um tekjur og gjöld hreppsins. En gegn eindregnum mótmælum gjörðarbeiðanda er þetta eigi sannað í málinu, og verður því eigi til greina tekið.

Í málinu er einungis spurnung um útsvarsskyldu gjörðarþola, enda er spurningin um fjárhæð útsvarsins eigi dómstólamál.

Það er engin ágreiningur um það í málinu, og síðastliðið ár stundaði gjörðarþoli útgerð síldar og þorskveiða á Langeyri á 4 eða 5 vjelbátum, er eiga heima þar, að skipin lögðu upp afla sinn á Langeyri, að hann var verkaður þar og að gjörðarþoli hafði og hefir þar lýsisbræðslu og síldarbræðslu. Ennfremur hafa 38 menn í Súðavíkurreppi vottað undir eyðstilboð í skjali dags. 12. mars þ. á. að gjörðarþoli hafi haft sjerstakt herbergi á Langeyri þar sem hann hafði ýmsar vörur til sölu, að hann hafi rekið fiskkaup í stórum stíl, brætt 2000—3000 tonnur síldar og selt beitusíld. Gjörðarþoli hefir að visu mótmælt skjali þessu og vottorðsgefendum eigi gefist kostur á að staðfesta vottorðið. En hins vegar er það kunnugt hjer í nágrenninu, að síðastliðið ár, hefir gjörðarþoli keypt fisk til verkunar á Langeyri, að hann á þar 2 skipabryggjur, fisktöku- og fiskgeymsluhús og fiskreita

er hann notar við atvinnurekstur sinn auk íbúðarhússins, og að hann rekur þar sildarbræðslu og lýsisbræðslu eins og áður segir.

Að rjettarins áliti er hjer um arðsama atvinnu að ræða, er gjörðarbeiðanda var heimilt að jafna á aukaútsvari sbr. lög nr. 29, 19. júní 1922, 1. gr., 2. málsg.

Undanþága tjeðra laga í 1. gr., 5. málsg., kemur hjer eigi til greina sbr. Landsyfjrettardóm 13. nóv. 1916.

---

Miðvikudaginn 29. apríl 1925.

Nr. 2/1925.

**Ólöf Benediktsdóttir**

gegn

**Guðmundi Ólafssyni og Pjetri  
Magnússyni.**

**Dómur hæstarjettar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólöf Benediktsdóttir, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hún og stefndu, Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni, er látið hafa mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.